

**Ed.**

**753. Frumvarp til laga**

**[193. mál]**

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

**1. gr.**

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Verðlagsákvæðanir sínar getur fjárhagsráð numið úr gildi með auglýsingu.

**2. gr.**

Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum greiðslubandalagsins 1950/51 og 1951/52.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

**3. gr.**

31. gr. laga nr. 100 29. desember 1948 er úr gildi numin.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

I. Ágreiningur hefur orðið um skilning á 1. málsg. 4. gr. laga nr. 35/1950, og þykir því rétt að taka af allan vafa um það, hvernig skilja beri lagagrein þessa, með því að ákveða, að fjárhagsráði sé ekki skylt að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu á öllum vörum og hafi rétt til að nema úr gildi með auglýsingu verðlagsákvæðanir sínar.

II. Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu heimild til yfirdráttarláns, allt að 15 millj. dollara, til vörukaupa og greiðslu á þjónustu frá löndum, sem eru í bandalaginu. Þótt ríkisstjórnin geri ekki ráð fyrir nú að nota heimild þessa, þykir henni rétt að afla heimildar Alþingis til þess að mega nota til bráðabirgða af yfirdráttarheimild þessari allt að 4 millj. dollara, ef hún síðar teldi það nauðsynlegt.

III. 31. gr. laga nr. 100/1948 fjallar um 20% gjald af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum. Gjald þetta átti að hefta óeðlilegan sölugróða af bifreiðum. Sem tekjustofn hefur þessi skattur brugðizt að mestu leyti, og með því að telja má, að svartur markaður bifreiða sé að mestu úr sögunni, er óeðlilegt að halda svo háu gjaldi á sölu bifreiða. Enn fremur verður að teljast sanngjarnt, að þessum skatti sé létt af bifreiðaeigendum, sem nú verða að sæta verðhækkun á varahlutum í bifreiðar í sambandi við stuðning við bátaútveginn á þessu ári.